

### Vallarfoxgras (*Phleum pratense*)


Enska; Timothy, danska; Eng-Rotthale, timoté, norska; Timotei, sænska; Timotej

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Vallarfoxgras er hávaxið, gisið og upprétt fjölært axpungtgras. Smáox þess eru stuttleggjuð og mynda þétta, græna, langa, sívala blómskipun sem er 4-8 cm löng og 8-12 mm breið og sem í áferð líkist rottuskotti. Hvert smáax er einblóma. Þegar axpungturinn er sveigður fylgja smáoxin beygjurni eftir, öfugt við það sem gerist hjá háliðagrasi. Axagnirnar eru 4-7 mm á lengd með löngum randhárnum á kilinum og mjókka snögg ofan til í grænan odd. Blómagnirnar eru 2-3 mm langar og frjóhirsulur fjólubláar. Vallarfoxgras hefur flauelsmjúk og breið blöð (4-12 mm). Stráin eru grófgerð. Plantan safnar forða fyrir veturinn í stöngulhnýði sem er á neðsta hnjálið kynsprotanna og kallast laukur. Vallarfoxgras er algengur slæðingur í byggð en er mest í túnnum og sáðsléttum.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Vallarfoxgras er lang eftirsóttasta fóðurgrasið á Íslandi. Það er afar lostætt og sækja skepnur mjög í það bæði á beit og sem verkað hey, þurrð eða vott. Það er aðallega ræktað sem hágæða gróffóður fyrir mjólkurkúr og sauðfé og er frumvöxturinn þá sleginn fyrir eða um skrið. Slík meðferð dregur verulega úr endingu þess. Engu að síður er það endingarbætra en sambærileg fóðurgrös (eins og vallarrýgresi og hávingull). Með því að slá vallarfoxgras eftir skrið fæst mikið magn af trérisríku og grófu heyi sem má nýta í hross. Með réttu beitarskipulagi þolir það ágætlega beit. Fóðrunarvirði vallarfoxgrass er afar hátt fram að skriði en fellur þá hratt. Það hentar vel bæði til þurr- og votheysgerðar og getur gefið uppskeru á bilinu 6-9 þurrefnistonn á ha. Það fer snemma af stað á vorin og nær þá miklum vaxtarhraða. Hins vegar er einn stærsti galli þess hægur og ótryggur endurvöxtur. Hægt er að auka endurvöxt með því að bera á milli slátta en það getur dregið úr endingu enn frekar. Algengast er að sá vallarfoxgrasi hreinu eða í blöndu með vallarsveifgrasi. Því er einnig stundum sáð með rauðsmára eða skjólsáð með byggi til þroska eða græn fóðurbyggi.



#### Ræktunarleiðbeiningar

Vallarfoxgrasi hæfir best frjósamur móajarðvegur eða vel framræstur mýrarjarðvegur. Í illa framræstum, svellsæknum og súrum jarðvegi endist vallarfoxgras illa. Þúsundkorna þyngd er 0,3 -0,5 g. Vallarfoxgras spírar hratt og getur gefið ágæta uppskeru á fyrsta ári ef sáð er snemma vors og ekki of djúpt. Ráðlagt sáðmagn er 20-25 kg á ha. Til er gott úrval af yrkjum á markaði (Sjá Nytjaplöntur á Íslandi, rit LbhÍ og BÍ, sem kemur út árlega). Algengast er að sá vallarfoxgrasi/vallarsveifgrasi í hlutföllunum 70/30 - 90/10, samtals 25 kg á ha. Mikilvægt er að vanda jarðvinnslu með góðri plægingu sem grefur djúpt rötarskot og -hnausa af grasillgresi eins og snarrót. Sáðdýpt er 1 sm og sáðbeðið á að vera mjög þétt, slétt og finunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Vallarfoxgrasinu er stundum skjólsáð til að tryggja góða uppskeru af græn fóðri sáðárið. Hins vegar kemur það niður á uppskeru vallarfoxgrassins árið eftir. Einnig má sá því á miðju sumri t.d. í endurunnið tún eftir fyrsta slátt (eða beit), Vallarfoxgras svarar vel áburði og því hagkvæmt að bera vel á það og snemma vors. Það gerir annars svipaðar áburðarkröfur og önnur algeng túngrös (sjá Handbók bænda).

